

## Kennsluáætlun

**Skólaár: 2020**

**Kennari/ar: Kristín Pétursdóttir**

**Árgangur: 10. bekkur**

**Önn: Vorönn**

**Námsgrein: Danska**

**Fjöldi kennslustunda á viku: 2 klst.**

| Vika/lota           | Hæfniviðmið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | Námsmarkmið                                                                                                                                                                                                                                                          | Viðfangsefni                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | Námsmat                                                                                             |
|---------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Lota 1<br>6-7 vikur | <p><b>Lesskilningur:</b> Getur aflað sér upplýsinga úr texta sem búið er að vinna með áður, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum í honum og komið þeim frá sér. Getur einnig áttað sig á aðalatriðum í texta sem ekki hefur verið lesinn áður.</p> <p><b>Ritun:</b> Getur fundið upplýsingar í texta og valið hvað sé réttast að nota til að textinn fái samhengi. Hefur náð tökum á meginreglum og hefðum málnotkunar tengdum lýsingarorðum, endingum þeirra og stigbreytingu.</p> <p><b>Frásögn:</b> Getur tjáð sig skipulega um efni sem unnið hefur verið með í tímum, samið svo, æft og flutt</p> | Auka lesskilning nemenda á danskri tungu, þjálfar lestur málsins, ritun, hlustun og frásögn. Þá taka nemendur þátt í samvinnuverkefni /hópavinnu þar sem lögð er áhersla á framsögn. Læra einnig til hlítar endingar lýsingarorða, stigbreytingu og ákveðinn greini. | Vinna að verkefnum sem tengjast mat og matarmenningu ásamt því að fara vel í lýsingarorð. Unnið í námsbókum, á Showbie, í leikjum, á spjaldtölvu, í ýmsum öppum o.fl. Um er að ræða einstaklingsvinna, para- og hópavinna. Notast er við beina kennslu og innlagnir ásamt sjálfstæðri vinna nemenda. Framburður sérhljóða sérstaklega þjálfður. | Námsmat felst í könnun úr les- og vinnubók Ekko annars vegar og svo gerð matarmyndbands hins vegar. |

|                       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |                                                                                                     |                                                                                                                                       |                                                                                                         |
|-----------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                       | <p>frumsamið efni sem tengist því.</p> <p><b>Námshæfni:</b> Getur farið eftir þeim fyrirmælum sem liggja fyrir og komið verkefninu skipulega og snyrtilega frá sér.</p> <p><b>Námshæfni:</b> Getur unnið sjálfstætt og/eða í hópi og tekið fullan þátt í vinnunni sem þarf að leggja á sig.</p>                                                   |                                                                                                     |                                                                                                                                       |                                                                                                         |
| Lota 2<br>4 - 5 vikur | <p><b>Lesskiningur:</b> Getur lesið sér til gagns, ánægju og þroska skáldsögu sem ætluð er ungu fólki, skilið innihaldið nokkuð vel og myndað sér skoðun á efninu.</p> <p><b>Ritun/málfræði:</b> Þekkir helstu samheiti og andheiti sem unnið hefur verið með, áttar sig á merkingarbærum setningum og kann og getur skrifað helstu orðin sem</p> | Auka lesskilning nemenda á danskri tungu, læra og þjálf ný orð og þjálf lestur málsins í skáldsögu. | Unnið með léttlestrarbók á dönsku sem tengist goðafræði. Unnið í námsbókunum og sagan krufin þar sem fullt af nýjum orðum koma fyrir. | Námsmatið felst í könnun sem tekin er eftir að bókin hefur verið lesin og vinnubók henni tengdri unnin. |

|                   |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                     |
|-------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                   | tengjast sögunni sem unnið hefur verið með.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                     |
| Lota 3<br>1 vika  | Engin hæfni er metin sérstaklega í þessari lotu en hún er hugsuð sem undirbúningur fyrir tjáningu og hlustun síðar á önninni.                                                                                                                                                                                                                                                 | Hlusta á talað mál með því að horfa á danska kvikmynd og átta sig á menningu Dana út frá myndinni. Geta rætt viðfangsefnið.                                                                                         | Nemendur horfa á kvikmynd, hlusta á danskt tal og lesa textann sem kemur fram. Þeir æfa framburð sérhljóða.                                                                                                                                                                                               | Engin                                                                                                                               |
| Lota 4<br>7 vikur | <p><b>Lesskilningur:</b> Getur skilið og greint texta sem tengist námsefni annarinnar, brugðist við efni þeirra og komið inntakinu frá sér.</p> <p><b>Ritun:</b> Hefur náð tökum á meginreglum og hefðum málnotkunar tengdum persónufornöfnum og helstu forsetningum og getur notað þær í setningum.</p> <p><b>Ritun:</b> Þekkir mjög vel nútíð, þátíð og lýsingarhátt 40</p> | Auka lesskilning nemenda á danskri tungu, þjálfar lestur málsins, ritun, hlustun og frásögn. Læra 40 síðustu sagnirnar til fullnustu, geta gert persónu- og eignarfornöfnum góð skil og þekkja helstu forsetningar. | Lífstíll fólks á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum, persónu- og eignarfornöfn ásamt forsetningum og óreglulegum sögnum. Unnið í námsbókum, á Showbie, í leikjum, á spjaldtölvu, í ýmsum öppum o.fl. Um er að ræða einstaklingsvinna, para- og hópavinna. Notast er við beina kennslu, innlagnir og | Námsmat felst í könnun úr les- og vinnubók Ekko annars vegar og svo fjórum sagnaprófum úr rúmlega 40 óreglulegum sögnum hins vegar. |

|                                                |                                                                                                                      |                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |                                                                                                                              |
|------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                | síðustu óreglulegu sagnanna.                                                                                         |                                                                          | utanbókarlærdóm ásamt sjálfstæðri vinna nemenda. Framburður sérhljóða sérstaklega þjálfður.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |                                                                                                                              |
| Lota 5<br>Lagt fyrir nokkrum sinnum á önninni. | <b>Frásögn:</b> Getur tjáð sig áheyrilega og beitt tungumálin af nokkurri nákvæmni hvað varðar framburð og áherslur. | Auka færni nemenda í framburði á danskri tungu og beitingu tungumálsins. | Yfir veturinn taka nemendur fjögur munnleg heimapróf þar sem áhersla er lögð á framburð sérhljóða og réttar áherslur í málinu. Þjálfun hefur farið fram alla önnina. Nemendur æfa og taka upp frásögn sína á ákveðnu efni sem kennari leggur fram. Þeir nota þau hjálpartæki sem eru í boði eins og youtube og google. Lögð er sérstök áhersla á að framburður sérhljóða sé réttur og áherslur á réttum stað. | Upptökur á munnlegri framsögn nemandans þar sem hann getur æft sig eins oft og hann vill, hann skilar til kennara á Showbie. |

|             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |                                               |                                                            |
|-------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|------------------------------------------------------------|
| Í lok annar | <p><b>Hlustun:</b> Getur hlustað eftir nákvæmum upplýsingum í upplesnum dönskum texta.</p> <p><b>Ritun:</b> Getur leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín þegar skrifaður er 100-120 orða samfelldur texti úr efni sem tengist nemandanum persónulega.</p> <p><b>Námshæfni:</b><br/>Getur borið ábyrgð á og staðið í skilum á verkefnum og heimavinnu á réttum tíma og af vandvirkni.<br/>Getur sýnt fram á góða virkni á námi sínu og ábyrgð í kennslustundum.<br/>Getur borið ábyrgð á og sýnt góða hegðun og virðingu gagnvart öðrum í kennslustund.</p> <p><b>Samskipti:</b> Getur beitt kurteins- og</p> | <p>Að nemandi hafi ná góðum tókum á hlustun á danskri tungu og skilji vel það sem kemur fram í upplestri. Nemandi á líka að geta skrifað lipurlega texta sem tengist honum persónulega, beitt þeirri málfræði sem hann hefur lært á önninni, í texta sem hann semur sjálfur.</p> <p>Þá á nemandi að geta sýnt fram á að hann geti borið ábyrgð á heimavinnu sinni, virkni í tímum, hegðun og kurteisti.</p> | Hlustun, ritun og námshæfni annarinnar metin. | Hlustunarpróf, ritunarpróf og afrakstur annarinnar metinn. |
|-------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|------------------------------------------------------------|

|  |                                                     |  |  |  |
|--|-----------------------------------------------------|--|--|--|
|  | samskiptavenjum sem eru<br>viðeigandi hverju sinni. |  |  |  |
|--|-----------------------------------------------------|--|--|--|

**Námsaðlögun:**